

Fjórtándi fundur nefndar. Haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 28.05.2019.  
Fundur hófst kl. 11:30.

**Fundinn sátu:** Vilhjálmur Árnason, Steingrímur J. Sigfússon, Óli Halldórsson (formaður), Valtýr Valtýsson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Hanna Katrín Friðriksson, Líneik Anna Sævarsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Inga Sæland, Steinar Kaldal.

**Forföll boðuðu:** Margrét Hallgrímsdóttir, Halldóra Mogensen, Bergþór Ólason,

**Fundagerð ritaði:** Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

### **Þetta gerðist:**

#### **1. Staða vinnunnar**

Formaður fór yfir stöðu vinnunnar; þau verkefni sem búið er að setja í samráðsgáttina og þau sem mun verða sett þangað í haust. Formaður sagði einnig frá kynningarfundum sem fór fram 20. maí og helstu atriðum sem voru rædd þar.

#### **2. Vettvangsferðir**

Verkefnisstjóri ræddi um áætlaðar vettvangsferðir á miðhálandi í júní. Áætluð ferð í Veiðivötn 13. júní er í óvissu vegna starfa Alþingis og því var ákveðið að kanna hvort nefndarfólk kæmist á öðrum tíma. *Ákveðið að gera ráð fyrir að farið verði 13. júní en kanna meðal nefndarfólks hvort það komist á öðrum tíma ef ske kynni að þing væri enn að störfum (verkefnisstjóri sendir út Doodle-könnun).*

Einnig var ákveðið að fresta ferð inn á norðurhluta miðhálandisins vegna upplýsinga frá staðkunnugum aðilum um að líklegt væri að þar myndi ekki vera fært fyrr en í júlíbyrjun vegna bleytu. *Ákveðið að stefna að ferð í ágúst eða september.*

#### **3. Næsti fundur**

Formaður fór yfir næsta fund nefndar. Á þann fund munu koma lögfræðingar á skrifstofu landgæða í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (UAR) og svara spurningum og ræða við nefndarfólk um vinnu nefndarinnar er tengist tillögu að lagafrumvarpi.

Nefndarfólk óskaði einnig eftir því að á fundinn kæmi framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs (VJP), Magnús Guðmundsson, með beiðni um að hann myndi halda stutta kynningu á stjórnfyrirkomulagi VJP og fyrirkomulagi varðandi rekstrarsvæði garðsins.

*Verkefnisstjóra falið að óska eftir kynningu frá Magnúsi.*

#### **4. Verkefni nefndar: Tillaga að lagafrumvarpi – fyrstu umræður (stjórnskipan, samningar, svæðisskipting og rekstrarsvæði, ofl.)**

Nefndarfólk ræddi ákveðin atriði sem koma til með að vera veigamikil í vinnunni við lagafrumvarpstillöguna, s.s. stjórnskipan, samninga við umsjónaraðila, rekstrarsvæði, skipulagshlutverk sveitarfélaga o.fl. Í ljósi áhersla nefndar varðandi verndarflokkaskiptingu ítrekaði formaður það sem áður hefur verið rætt á fundum

nefndar varðandi skilgreiningu á floknum þjóðgarði skv. 47. gr. náttúruverndarlaga og svo IUCN verndarflokkunum og flokkaskiptingu innan þjóðgarða og að mikilvægt væri að nefndin hafi þetta í huga við framhald vinnunnar. Einnig var rætt um útfærslu vinnu við lagafrumvarp, þ.m.t. hvort unnið verði út frá sérlægum um þjóðgarðinn eða með öðrum hætti.

Óskaði nefndin eftir því að lögfræðingar UAR færu á næsta fundi nefndar yfir samspil þeirra lagabálka sem taka til friðlýstra svæða á landinu svo nefndin gæti áttað sig betur á hvernig tillaga hennar að lagafrumvarpi um hálendisþjóðgarð gæti spilað þar inni í.

**Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 12:40.**